

Gjaldskrá Almennu lögþjónustunnar ehf.

kt. 580892-2809, Skipagötu 7, 600 Akureyri

1. gr. Virðisaukaskattur til ríkisins.

- Við allar þóknunarfjárhæðir og tímagjald lögmanna bætist virðisaukaskattur í ríkissjóð nema annað sé tekið fram.
- Við gildistöku gjaldskrár þessarar er virðisaukaskattur 24% en það kann að taka breytingum á gildistíma hennar. Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi lögum bætist við allar fjárhæðir.

2. gr. Skaðabætur, váatryggingabætur, umferðarslys, launþegatryggingar og frítímaslys.

- Ef engar bætur fást fyrir skjólstæðing greiðir hann ekkert fyrir vinnu lögmanns.
- Ef bætur innheimtast fyrir muna og eða líkamstjón er þóknun 10% af því sem innheimtist auk vsk en þó ekki lægri en kr. 90.000.- til kr. 180.000.- allt eftir umfangi málsins, þ.e. tímaskráningu en þó aldrei hærri en innheimtar bætur.
- Ekki reiknast innheimtuþóknun af útlögðum sjúkrakostnaði skjólstæðings.
- Þóknun fyrir innheimtu tjónabóta, þegar reka þarf málið fyrir dómstólum, er samkvæmt 9. Grein.

3. gr. Sjúklingatryggingar.

- Fyrir ritun umsóknar og gagnaöflun um sjúklingatryggingar og bréfa til Landlæknis skal greiða kr. 62.000.- með vsk. sem greiðist í upphafi máls en kemur til frádráttar innheimtuþóknun ef eitthvað innheimtist.
- Ef eitthvað innheimtist er þóknun 10% af því sem innheimtist auk vsk en þó ekki lægri en kr. 90.000.- til kr. 180.000.- allt eftir umfangi málsins, þ.e. tímaskráningu en þó aldrei lægri en kr. 62.000.- með vsk sbr. a) lið.

4. gr. Endurupptaka mála.

- Fyrsta viðtal frítt.
- Frekari vinna er skv. tímagjaldi.
- Ef skjólstæðingur óskar eftir að AL hf. biðji um örorkumat hjá Örorkunefnd:
 - Fyrir ritun beiðnar um mat á örorku þegar óskað er eftir endurupptöku máls hjá Örorkunefnd skal greiða kr. 62.000.- með vsk. sem greiðist í upphafi máls en kemur til frádráttar innheimtuþóknun ef eitthvað innheimtist.
 - Útlagður kostnaður til Örorkunefndar og vegna læknisvottorða er u.þ.b. kr. 400.000.- sem þarf að greiða strax.
 - Alls þarf því að greiða strax kr. 462.000.-. Hugsanlega fæst þetta endurgreitt frá tryggingafélagi í lok máls.

- d) Ef eitthvað innheimtist er þóknun 10% af því sem innheimtist auk vsk en þó ekki lægri en kr. 90.000.- til kr. 180.000.- allt eftir umfangi málsins, sbr. tímaskráningu.

5. gr. Mjög gömul mál.

- a) Fyrsta viðtal frítt og ath. hvort málið sé tilkynnt hjá hugsanlegum bótagreiðendum.
- b) Ef málið er ekki tilkynnt: Tilkynna og kanna afstöðu hugsanlegra bótagreiðanda kr. 24.800.- með vsk..
- c) Ef AL hf. telur málið líklegast fyrnt en skjólstæðingur óskar eftir frekari vinnu er það unnið skv. tímagjaldi sbr. 7. grein.
- d) Ef eitthvað innheimtist er þóknun 10% af því sem innheimtist auk vsk en þó ekki lægri en kr. 90.000.- til kr. 180.000.- allt eftir umfangi málsins, sbr. tímaskráningu.

6. gr. Úrskurðarnefndir

- a) Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. 77.400 kr.
- i) Útlagt málagjald til nefndarinnar kr. 9.200.-
- ii) Gjald lögmans vegna reksturs máls hjá nefndinni kr. 68.200.- með vsk.
- b) Úrskurðarnefnd velferðarmála. 62.000 kr.
- i) Rekstur máls fyrir nefndinni kr. 62.000.- með vsk.

7. gr. Tímagjald.

- a) Haldin er skrá um þá tíma sem til verksins fara og við hvað er unnið hverju sinni.
- b) Viðskiptamaður á rétt á afriti af tímaskýrslum til skýringar á reikningi.
- c) Grunnjald fyrir tímavinnu er kr. 23.000,- án vsk. eða alls kr. 28.520.-
- d) 1/4 úr klukkustund gjaldfærast fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.
- e) Fyrir hvert símtal og/eða tölvupóst skulu að jafnaði skráðar að lágmarki 15 mínútur.
- f) Gerður er áskilnaður um þóknun vegna vinnu ólöglerðra starfsmanna skrifstofunnar í sérstökum tilvikum sé vinna þeirra umfram það sem eðlilegt getur talist í tilteknu verki eða sérstök sérfræðiþekking liggja að baki verkefninu. Tímagjald ólöglerðra sérfræðinga er kr. 12.400,- með vsk. sé ekki um annað samið.

8. gr. Sækja um gjafsókn.

Þóknun fyrir að sækja um gjafsókn til ríkisins er kr. 74.400.- með vsk. auk tímagjalds fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun ef það er meira en venjulegt má vera við slíkar umsóknir.

9. gr. Málflutningur fyrir dómstólum

- a) Rekstur máls fyrir dómstólum skal almennt ákvörðuð með tilliti til þeirra hagsmuna, sem um er fjallað. Málflutningsþóknun er reiknuð af

- samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta við dómtöku máls.
Málflutningsþóknun samkvæmt þessari grein getur þó aldrei orðið lægri en sem nemur tímagjaldi samkvæmt tímaskráningu.
- b) Í þeim málum sem munnlega eru flutt eða gagnaöflun fer fram í eftir þingfestingu, skal þóknun vera kr. 550.000,- með vsk. að viðbættum 15% af stefnufjárhæð og vöxtum, allt að kr. 6.000.000.-, 7% af næstu kr. 10.500.000.- og 5% af því sem umfram er.
 - c) Í málum þar sem örðugt er að meta hagsmuni til fjár og þar sem um lágar fjárhæðir er að ræða en úrslit máls hafa þýðingu fyrir ótiltekinn fjölda aðila skal þóknun að jafnaði miðast við tímagjald eftir umfangi máls nema sérstaklega standi á.
 - d) Rétt er að krefja sérstaklega um þóknun fyrir flutning um formhlið máls, vegna dómkvaðningar matsmanna og vegna meðferðar matsmálsins.
 - e) Auk ofangreinds kemur þóknun fyrir mót þ.e. mætingar fyrir dómssal.
 - f) Málskostnaður sem dæmdur er í máli, fellur til málsaðila og hefur ákvörðun dómsins um fjárhæð málskostnaðar ekki áhrif á útreikning málflutningsþóknunar lögmanns.
 - g) Viðskiptavinur ber ábyrgð á greiðslu málflutningsþóknunar lögmanns.

10. gr. Erfðaskrár.

Þóknun fyrir gerð erfðaskrár er kr. 50.000.- með vsk. auk tímagjalds fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun ef það er meira en venjulegt má vera vegna slíkra gerninga.

11. gr. Kaupmálar.

Þóknun fyrir gerð kaupmála er kr. 70.000.- með vsk. auk tímagjalds fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun ef það er meira en venjulegt má vera vegna slíkra gerninga.

12. gr. Útlagður kostnaður

Til viðbótar við þóknun skal viðskiptamaður greiða allan útlagðan kostnað AL hf. í máli hans, þ.m.t. ferðakostnað, kostnað vegna vottorða, matsgerða, endurrita, uppflættinga í opinberum skráningum o.fl.

13. gr. Mót.

Mót í héraðsdómi og hjá sýslumanni kr. 12.000.- án vsk. eða samkvæmt tímagjaldi, fari meiri tími til verksins, með ferðum, en 30 mínútur skulu fyrrgreindar fjárhæðir reiknast fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

14. gr. Hjónaskilnaðarmál og sambúðarslit.

Þóknun vegna búskipta hjóna eða sambúðarfólks er kr. 50.000.- án vsk., auk tímagjalds fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun ef það er meira en venjulegt má vera vegna slíkra gerninga.

15. gr. Barnaréttur o.fl.

Þóknun fyrir þjónustu vegna forsjár- og umgengnisréttarmála, barnaverndarmála, faðernismála, véfengingarmála og annarra þeirra mála sem falla undir barnarétt er kr. 25.000.- án vsk. auk tímagjalds.

16. gr. Sambúðarsamningar.

Þóknun fyrir gerð sambúðarsamninga er kr. 60.000.- með vsk. auk tímagjalds fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun ef það er meira en venjulegt má vera vegna slíkra gerninga.

17. gr. Búskipti, greiðslustöðvun, nauðasamningar

- a) Þóknun fyrir skiptastjórn, aðstoð við greiðslustöðvun eða umsjón með nauðasamningum er samkvæmt tímagjaldi.
- b) Í búum, þar sem um verulegar eignir er að ræða, er heimilt að reikna 25% álag á tímagjald vegna vinnu við fyrstu aðgerðir.
- c) Þóknun fyrir málf lutning og innheimtu, sem tengist skiptastjórn, reiknast sérstaklega eftir viðeigandi köflum gjaldskrár þessarar.

18. gr. Dvalarleyfi og ríkisborgararéttur.

Þóknun fyrir umsjón með umsóknum um dvalarleyfi og ríkisborgararétt er kr. 70.000.- án vsk., auk tímagjalds fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun.

19. gr. Leigusamningar

Þóknun fyrir gerð leigusamninga er kr. 30.000 án vsk. auk tímagjalds fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun ef það er meira en venjulegt má vera vegna slíkra gerninga.

20. gr. Stofnun Félaga

Þóknun fyrir skjalagerð við stofnun félags er kr. 35.000.- til 90.000.- án vsk. auk tímagjalds fyrir þann tíma sem fer í viðtöl og gagnaöflun ef það er meira en venjulegt má vera vegna slíkra gerninga.

21. gr. Ýmis Skjalagerð og Ráðgjöf

- a) Þóknun fyrir gerð skuldabréfa og tryggingabréfa er kr. 30.000.- án vsk. að viðbættu tímagjaldi
- b) Þóknun fyrir gerð kaupsamninga eða afsalsbréfa skal vera kr. 60.000.- án vsk. og 0,75 % af kaupverði eftir umfangi verks.
- c) Þóknun fyrir veðleyfi, veðbandslausn, umboð og ýmsar umsóknir er kr. 15.000,- án vsk..

22. gr. Kaup og sala

Þóknun fyrir kaup eða sölu fasteigna og lausafjár skal almennt ákvörðuð með tilliti til þeirra hagsmuna sem um er fjallað samkvæmt neðangreindu. Ákvæði þessi gilda einnig um kaup og sölu atvinnufyrirtækja.

- a) Sala fasteigna og skráðra skipa 2,5 % af söluverði en 1,5 % í einkasölu.
- b) Kaup fasteigna og skráðra skipa 1 % af söluverði.
- c) Fyrir að annast skjalagerð og frágang við sölu á fasteign eða skráðu skipi 1 % af söluverði að lágmarki þó kr. 50.000.- án vsk..
- d) Fyrir að athuga samninga og skjöl við sölu eða kaup fasteigna, skipa, lausafjár eða annarra eigna, sem annar aðili hefur gert, greiðist þóknun samkvæmt tímagjaldi auk 0,5% af samningsfjárhæð.
- e) Kaup og sala lausafjár 3-5 % af söluverði en að lágmarki 50.000,- án vsk. Sala atvinnurekstrar 3-5 % af söluverði.
- f) Kaup á atvinnurekstri 1% af kaupverði.

23. gr. Fyrir sölu skuldabréf og hlutabréfa skal þóknun vera 2% af söluverði nema sala hlutabréfa sé í reynd sala á fasteign og/eða fyrirtæki þá skal fara að skv. ofangreindu um slíka sölu.

24. gr. Eignaumsýsla og samningar um skuldaskil

Þóknun vegna eignaumsýslu og samninga um skuldaskil skal vera 8-10% af innborgaðri fjárhæð eða upphaflegri fjárhæð skulda auk tímagjalds.

25. gr. Aksturskostnaður og dagpeningar

Aksturskostnaður á Akureyri er kr. 1.500.- Annar aksturskostnaður er kr. 116.- fyrir hvern ekinn kílómetra auk kr. 1.500.-. Fyrir störf utan Eyjafjarðar, greiðast aukalega dagpeningar kr. 22.500.- auk alls ferða og dvalarkostnaðar.

26. gr. Annað.

- a) Heimilt er að taka hærrí þóknun en lýst er í gjaldskránni ef verkefni krefst vinnu utan reglulegs vinnutíma, vinna fer fram í öðru landi, á erlendu tungumáli eða hraða þarf afgreiðslu sérstaklega. Einnig ef verulegir hagsmunir tengjast vinnunni.
- b) AL hf. gæti áskilið sér rétt til að óska eftir að greitt sé fyrirfram fyrir áætlaða þóknun vegna þjónustunnar.
- c) AL hf. getur krafist þess að viðskiptavinur greiði fyrirfram upp í þóknun og mánaðarlega útlagðan kostnað og þóknun jafnóðum sem verkinu miðar áfram.
- d) Viðskiptavinur greiðir allan útlagðan kostnað, þar með talinn kostnað við akstur og ferðalög. Ýmis kostnaður sem fellur til á skrifstofunni og erfitt er að sérgreina svo sem ljósritun, vélritun, faxsendingar og póstburðargjöld er að jafnaði innifalinn í þóknun samkvæmt gjaldskrá þessari.
- e) Áskilinn er réttur til að breyta gjaldskránni tvisvar sinnum á ári. Tímagjald og aðrar fjárhæðir í gjaldskránni breytast í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Þóknun fyrir unnið verk er miðuð við þá gjaldskrá sem gildir þegar reikningur fyrir verkið er gerður.

- f) Viðskiptamanni ber að kynna sér gjaldskrá þessa og er hann ábyrgur fyrir greiðslu þóknunar og útlagðs kostnaðar, hvort sem hún fæst greidd úr hendi gagnaðila eður ei.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 26. september 2018.
F.h. Almennu lögbjónustunnar ehf.
Þorsteinn Hjaltason, lögmaður